



## Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM 2016

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM haldinn fimmtudaginn 31. mars 2016, kl. 16 í fyrirlestrarsal Sjóminjasafnsins í Reykjavík, við Grandagarð.

Formaður setti fundinn klukkan 16.10 og bar upp tillögu að Helga Maureen Gylfadóttir yrði kosinn fundarstjóri. Var það samþykkt. Þá bar formaður upp tillögu að Guðbrandur Benediktsson, ritari í stjórn, yrði kosinn fundarritari. Var það og samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn og fór yfir dagskrá fundar.

### 1. VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF SKV. 6. GR. SAMÞYKKT ÍSLANDSDEILDAR ICOM

#### A. Árskýrsla lögð fram.

Formaður, Kristín Dagmar Jóhannesdóttir lagði fram ársskýrslu síðasta starfsárs.

Fundarstjóri óskaði eftir spurningum og bar svo skýrsluna undir fundinn. Var hún samþykkt.

#### B. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.

Inga Jónsdóttir gerði grein fyrir ársreikningum.

Fundarstjóri óskaði eftir spurningum og bar reikninga undir fundinn. Voru þeir samþykktir.

#### C. Kjör til stjórnar.

Stjórn félagsins skipa:

- Kristín Dagmar Jóhannesdóttir (kjörin formaður árið 2014).
- Inga Jónsdóttir (gjaldkeri síðan 2012).
- Guðbrandur Benediktsson (ritari síðan 2010).
- Helga Lára Þorsteinsdóttir, varamaður (síðan 2015).
- Nathalie Jacqueminet, varamaður (síðan 2011)

#### Breyting varð á stjórn og því fór eftirfarandi kosning fram:

Guðbrandur Benediktsson lauk sínum kjörtímabilum sem ritari og Nathalie Jacqueminet var kjörin ritari í hans stað með lófataki. Sif Jóhannesdóttir var kjörin sem nýr varamaður í stjórn.

Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga yrðu áfram Bryndís Sverrisdóttir og Svanhildur Franklinsdóttir

#### **D. Starfsáætlunar deildarinnar fyrir næsta starfsár.**

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir kynnti starfsáætlun deildarinnar.

Fundarstjóri óskaði eftir spurningum. Var rætt um safnadaginn og það fyrirkomulag að íslenski og alþjóðlegi safnadagarnir hafa nú verið sameinaðir (18. maí). Þykir það almennt til bóta. Rætt var um aukið samstarf við FÍSOS, sem hefur verið gott á síðustu árum, s.s. varðandi safnaverðlaunin. Fundarstjóri bar starfsáætlun undir fundinn og var hún samþykkt.

#### **2. KYNNINGAR OG UMRÆÐUR.**

- Kristín Dagmar Jóhannesdóttir kynnti nýja útgáfu á siðareglum félagsins og hefti fyrir námskeið í siðareglum sem félagið býður upp á. Mæltir það afar vel fyrir.
- Guðbrandur Benediktsson kynnti Evrópsku safnaverðlaunin (European Museum of the Year Award, eða EMYA), sem er undir hatti European Museum Forum (EMF), en hann er fulltrúi Íslands og var boðið til verðlaunaafhendingarinnar í Glasgow haustið 2015. Guðbrandur hvatti félagið í ICOM að fylgjast með starfsemi EMF og framvindu mála varðandi safnaverðlaunin – og jafnvel að tilnefna íslensk söfn til þeirra. Benti hann á styrki á vegum EMF sem áhugasamir geta sótt um, til þess að taka þátt í starfinu.
- Guðbrandur Benediktsson kynnti samstarf ICOM í Þýskalandi og ICOM-deilda allra Norðurlandanna. Í Nóvember 2015 var haldinn vinnufundur í Berlín, sem GB og Helga Lára Þorsteinsdóttir sóttu. Þar var ákveðið að stefna að sameiginlegri ráðstefnu árið 2017 í Svíþjóð, þar sem fjalla skal um erfið mál á söfnum. Nokkur umræða spannst um það viðfangsefni og hvaða erfiðu mál íslensk söfn hafa glímt við hin síðari ár (til að mynda málverkafölsun).

#### **3. ÚTHLUTUN STYRKJA ÚR FERÐA- OG ÚTGÁFUSJÓÐI.**

Helga Lára Þorsteinsdóttir kynnti úthlutanir ársins, en 4 félagar hlutu styrk til að taka þátt í alsherjarþingi ICOM í Milano:

- Ásdís Þórhallsdóttir
- Lilja Árnadóttir
- Ágúst Kristófersdóttir
- Guðrún Helga Stefánsdóttir

#### **4. ÖNNUR MÁL**

Nokkur umræða var um stöðu ICOM í pólitísku umhverfi og möguleg áhrif félagsins. Voru þær umræður almenns eðlis og ekki var nein niðurstaða samþykkt.

Fundi var slitið klukkan 17.30 og boðið upp á léttar veitingar.

- gb

Fundargestir:

Nathalie Jacqueminet, Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, Guðbrandur Benediktsson, Ágústa Rós Árnadóttir, Helga Lára Þorsteinsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Ágústa Kristófersdóttir, María Karen Sigurðardóttir, Lilja Árnadóttir, Soffía Karlsdóttir, Guðrún Helga Stefánsdóttir, Ragna Gestsdóttir, Þóra Björk Ólafsdóttir, Sigurður Trausti Traustason.